

D Ó M U R

Héraðsdóms Norðurlands eystra fimmtudaginn 20. desember 2007 í máli

nr. S-306/2007:

Ákærvaldið

(Svavar Pálsson fulltrúi)

gegn

X

(Sigmundur Guðmundsson hdl.)

Mál þetta, sem dómtekið var þann 19. nóvember síðast liðinn, er höfðað hér fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra með ákæru Ríkislögreglustjórans, útgefinni þann 26. september 2007, á hendur X,

„fyrir umboðssvik með því að hafa á tímabilinu frá 23. til 29. ágúst 2006, misnotað aðgang sinn að gjaldeyrisviðskiptakerfi í Netbanka hlutfélagsins Glitnis, með því að nýta sér með kerfisbundnum og sviksamlegum hætti kerfisvillu í gjaldeyrisviðskiptakerfinu, sem var til komin vegna mistaka starfsmanna félagsins við forritun þess sem leiddi til þess að kaup- og sölugengi víxlaðist, og hafa þannig aflað sér kr. 24.290.251,87 með samtals 3908 færslum á gjaldeyrisreikningum sínum nr. 565-38-710120, 565-38-710163, 565-38-100111 og 565-38-100077, þar sem hann í öllum tilvikum keypti dollara fyrir evrur og seldi síðan strax aftur fyrir evrur. Vegna kerfisvillunnar fékk ákærði í öllum tilvikum í þessum viðskiptum til sín þá fjárhæð sem undir eðlilegum kringumstæðum rennur til bankans í formi álags.

Telst þetta varða við 249. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar.“

Verjandi ákærða krefst aðallega sýknu af kröfum ákærvaldsins en til vara að refsing verði felld niður og til þrautavara vægustu refsingar sem lög leyfa. Þá

krefst hann þess að sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði þ.á.m.hæfileg málsvarnarlaun hans.

I.

Samkvæmt rannsóknargögnum sendi Glitnir banki hf. kæru til ríkislögreglustjóra með bréfi, dags. 30. ágúst 2006. Í kærinni segir að þann 29. ágúst 2006 hafi starfsmenn Glitnis banka orðið varir við grunsamleg viðskipti með gjaldeyri í netbanka Glitnis. Þar hafi verið um að ræða einstakling sem keypti og seldi ítrekað dollara fyrir evrur. Við skoðun hafi komið í ljós galli í kerfum bankans sem leitt hafi til þess að viðkomandi hafi hlotið ólögmætan ávinning af færslunum. Í kærinni var verknaðinum lýst þannig að ákærði hafi farið inn í netbanka Glitnis hf. og valið millifærslu. Hann hafi lagt inn (keypt) dollara og tekið út evrur (selt). Netbankinn hafi gefið honum krossgengi (fjöldi dollara í einni evru, t.d. 1,2725 dollara fyrir eina evru). Segir svo í bréfinu að í öllum bankaviðskiptum kaupi viðskiptavinir gjaldeyri á herra verði en þeir selji gjaldeyri á. Þetta leiði til þess að viðskiptavinur tapi þessum mun kaupir hann og selji gjaldeyri á sama tíma. Ákærði hafi átt hundruð slíkra viðskipta á dag. Við venjulegar aðstæður myndi viðskiptavinur tapa verulegum fjárhæðum en vegna galla í kerfum bankans hafi þetta leitt til þess að hann hafi hlotið verulegan ólögmætan ávinning. Í gögnum málsins kemur fram að villan hafi falist í því að bankinn víxlaði kaup- og sölugengi í netbanka að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Skilyrðin hafi verið þau að fjárhæð hverra viðskipta væri ekki hærri en að jafngildi tveggja milljóna íslenskra króna, að viðskiptin væru á milli tveggja erlendra gjaldmiðla og að viðskiptaupphæðin væri slegin inn í svokallaðri mótmynt.

Í kæru Glitnis banka hf. kemur fram að nánari eftirgrennslan hafi leitt í ljós að nokkrir einstaklingar hafi um hríð nýtt sér þennan veikleika í kerfum bankans til þess að afla sér ólögmæts ávinnings af ítrekuðum færslum sem augljóslega hafi ekki haft viðskiptalegan tilgang. Um hafi verið að ræða fjóra einstaklinga sem allir séu viðskiptamenn útibús bankans á Akureyri, þar á meðal ákærði í máli þessu. Hann hafi á síðastliðinni viku framkvæmt u.þ.b. fjögurpúsund færslur og ætla megi að ávinningur hans af þeim hafi verið hátt í tuttugu milljónir króna. Ólögmætur ávinningur hafi myndast á evrureikningi og dollarareikningi sem hann hafi millifært yfir á krónureikning sinn hjá Glitni.

Kemur fram að ákærði hafi þann 28. ágúst fært í fjórum færslum alls kr. 18.000.000- af krónureikningi sínum hjá Glitni yfir á reikning í Landsbankanum.

Jafnframt því að kæra háttsemi ákærða var óskað eftir því af hálfu Glitnis að fjármunir á framangreindum reikningum yrðu kyrrsettir í þágu rannsóknar málsins og til þess að auka möguleika bankans á að endurheimta fjármunina í samræmi við heimildir í 78. gr. og 85. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Þann 30. ágúst 2006 var upp kveðinn í Héraðsómi Reykjavíkur úrskurður þess efnis að Landsbanka Íslands hf. væri skylt að láta efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjórans í té upplýsingar og ljósrit af öllum gögnum varðandi færslur á og af öllum reikningum ákærða í bankanum, frá og með 28. ágúst 2006. Að kvöldi 30. ágúst 2006 var ákærði yfirheyrður á lögreglustöðinni á Akureyri. Þann 31. ágúst sendi ríkislögreglustjórinn bréf til Landsbanka Íslands hf. þar sem fram kom að við skoðun reikninga ákærða hafi komið í ljós að hann hafði millifært fé á

tiltekinn vörslureikning sinn hjá Landsbankanum og notað þá fjármuni til að kaupa peningabréf bankans að nafnvirði kr. 768.640,-. Var bankanum tilkynnt um haldlagningu umræddra fjármuna og þess krafist að efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjórans yrðu afhent bréfin. Þann dag var ákærði aftur boðaður til skýrslutöku og honum kynnt að hald hefði verið lagt á ofangreind peningabréf. Þann 13. september sendi ríkislögreglustjóri Glitni hf. tilkynningu um haldlagningu á fjármunum ákærða á tilteknum reikningum í bankanum og krafðist þess að þeir yrðu afhentir efnahagsbrotadeild. Þann 21. september 2006 ræddu lögreglumenn við A gjaldeyrismiðlara hjá Glitni í þeim tilgangi að afla frekari upplýsinga og gagna vegna málsins. Ákærði var yfirheyrður að nýju þann 20. október 2006.

II.

Fyrir dómi kvaðst ákærði líklega hafa byrjað að stunda gjaldeyrisviðskipti í gegnum netbankann í mars 2006. Þetta hafi verið áhugamál hjá honum og framan af hafi hann einungis átt viðskipti þar sem hann keypti eða seldi erlendan gjaldeyri fyrir íslenskar krónur. Hann hafi ekki prófað að versla með tvo erlenda gjaldmiðla, svokallaða gjaldmiðlakrossa, fyrr en á þeim tíma er í ákæru greinir. Reynsla hans fyrir þetta hafi einskorðast við kaup gjaldeyris fyrir utanlandsferðir.

Ákærði kvaðst hafa byrjað af forvitni að þreifa sig áfram í þessum viðskiptum og þá áttað sig á nokkurs konar hring sem leiddi til þess að hagnaður myndaðist. Aðspurður útskýrði hann þennan hring þannig að hann hafi keypt evrur og hafi þær farið inn á evrureikning, hann hafi svo fært evrurnar yfir á dollarareikning og svo aftur til baka yfir á evrureikning. Að þessum færslum loknum hafi verið komin hærrí upphæð inn á evrureikninginn en hann byrjaði með.

Aðspurður um hvort hann hafi ekki gert sér grein fyrir að það fylgdi því kostnaður að kaupa gjaldeyri kveðst ákærði hafa vitað að það kostaði að versla með íslenskar krónur. Hann hafi hins vegar ekki haft neina reynslu fyrir af viðskiptum með tvo erlenda gjaldmiðla. Aðspurður um hvaðan hann hafi haldið að peningarnir kæmu kveður ákærði ýmislegt hafa flogið í gegnum hugann, honum hafi dottið í hug að þetta helgaðist af veikri stöðu annars gjaldmiðilsins gagnvart hinum. Í fyrstu hafi hann haldið að þetta kæmi kannski í nokkrum færslum eða stæði hugsanlega í nokkrar mínútur, klukkustundir eða daga en snerist svo jafnvel við. Hann kvað gengið aldrei hafa verið það sama, það hafi verið sérreiknað í hvert skipti. Aðspurður kvaðst ákærði hafa fylgst með gengi gjaldmiðlanna og það hafi breyst ört. Hann hafi athugað gengið í öðrum bönkum og það hafi verið nálægt þessu, ekki sé um hátt prósentuhlutfall að ræða. Aðspurður kveðst ákærði hafa verið nokkuð undrandi yfir þessum gróða. Hann hafi lítillga kannað málið og séð að þessi möguleiki hafði verið fyrir hendi síðan í október 2005 og taldi því líklegt að fjöldi fólks hefði átt í samskonar viðskiptum. Aðspurður um ummæli í lögregluskýrslu þess efnis að samviskan hafi verið farin að naga ákærða og hann hafi misst svefn kvað ákærði lögreglumanninn hafa misst sig á flug þegar þetta var ritað. Hann hafi þó verið búinn að velta þessu fyrir sér og sér hafi þótt þetta óeðlilegt. Aðspurður um hvort ákærði hafi leitað sér ráða kvað hann þetta hafa byrjað á miðvikudegi. Hann hafi verið að til föstudags og hafi farið í marga hringi í hugsun um þetta því honum hafi þótt þetta óeðlilegt. Á sunnudeginum hafi hann beðið Þorstein Hjaltason lögmann á Akureyri að koma og skoða hvort hann væri að

gera eitthvað af sér og hvort þetta gæti staðist. Hann hafi leitað til hans vegna þess að hann kannaðist við hann, auk þess sem hann sé lögmaður. Ákærði kvað Þorsteinn hafi komið heim til sín og hann hafi sýnt Þorsteini hvað hann hafi verið að gera. Þorsteinn hafi sagt að hann gæti ekki séð annað en þetta væri í lagi, hann væri þarna í eigin nafni að framkvæma viðskipti sem bankinn byði upp á og viðskiptin ættu sér stað í umhverfi bankans. Ákærði kveður sér hafa dottið í hug að leita til bankans en ekki gert það enda verið í fullri vinnu við þetta. Aðspurður kvaðst ákærði hafa sagt Auði Elvu Jónsdóttur sambýliskonu sinni frá þessu og þau hafi meðal annars velt fyrir sér hvort þetta gæti staðist. Þau hafi verið mjög hissa á þessu en ávallt komist að því að þetta væri í lagi, þetta væri í umhverfi bankans og hann byði upp á þetta. Þessi möguleiki hefði verið fyrir hendi í marga mánuði og líklega nýtti fjöldi manns sér hann. Ákærði ber að hann hefði aldrei átt í þessum viðskiptum hefði hann gert sér grein fyrir því að þau væru ólögmæt.

Aðspurður um afdrif peninganna kvað ákærði ríkislögreglustjóra hafa lagt hald á þá. Hann segir heimabankann hafi verið lokaðan á miðvikudeginum. Hann hafi hringt í bankann og spurt hvers vegna. Starfsmaður í gjaldeyrisdeild hafi sagt að verið væri að skoða „þessi mál“ og haft yrði samband við hann. Um kvöldið hafi svo her manna ríkislögreglustjóra birst á heimili hans og fært þau Auði Elvu til yfirheyrslu. Ákærði kveðst hafa lýst því yfir að hann myndi skila peningunum og hann hafi einnig verið í sambandi við menn í bankanum fyrir sunnan. Honum hafi þótt sjálfsgat að skila peningunum, leiðrétta mistökin.

Aðspurður kveður ákærði framlagðar skjámyndir ekki sýna sama viðmót og var þegar hann átti í viðskiptunum. Þeim hafi verið breytt síðan þá.

Vitnið B, viðskiptafræðingur og fráfarandi aðstoðaryfirlögregluþjónn við embætti ríkislögreglustjóra gaf skýrslu fyrir dómi. Kvað vitnið kæru hafa borist frá Glitni banka hf. vegna viðskipta fjögurra einstaklinga með gjaldeyri í netbanka bankans. Viðkomandi hafi verið taldir hafa misnotað aðgang sinn að netbankanum og hagnýtt sér villu í kerfum bankans til að hagnast með ólögmætum hætti. Á grundvelli kæru bankans og meðfylgjandi skjala hafi verið talinn vera rökstuddur grunur um afbrot og starfsmenn ríkislögreglustjórans hafi farið til Akureyrar og yfirheyrt hin grunuðu. Vitnið kvaðst hafa yfirheyrt eitt þeirra og verið viðstaddur yfirheyrslu yfir öðrum á síðari stigum málsins. Aðspurt kvað vitnið ákærðu öll hafa lýst því við yfirheyrslur að þau myndu skila peningunum til bankans. Ákærði hafi einnig lýst því yfir við bankann. Aðspurt kvað vitnið C hafa sett saman framlögð yfirlit merkt ríkislögreglustjóranum. Hún hafi sinnt rannsókn málsins að mestu en borið ýmis atriði undir vitnið. Kvað vitnið það rétt að yfirlitin byggi á gögnum frá Glitni.

Aðspurt kvað vitnið upplýsingar um kerfisvilluna byggða á upplýsingum starfsmanna bankans, hún hafi ekki verið skoðuð sérstaklega þar sem enginn ágreiningur hafi verið um að hún hafi verið til komin með þeim hætti sem bankinn lýsti. Það hafi legið í augum uppi að um villu væri að ræða þar sem bankinn hafi á hverjum tíma verið að kaupa gjaldeyri á herra verði en hann seldi hann, svo lengi sem ákvæðin skilyrði um fjárhæð og innslegna mynt voru fyrir hendi. Kerfisfræðingar bankans hafi ekki verið yfirheyrdir. Vitnið kvað það rétt að þær skjámyndir af notendaviðmóti sem liggja frammi í málinu séu ekki nákvæmlega

eins og þær skjámyndir sem blöstu við ákærða þegar hann átti viðskiptin.

Breytingin hafi hins vegar verið minni háttar og falist í því að nú væri búið að bæta einhverjum texta inn í skjámyndina, undir glugganum þar sem upphæð var slegin inn, eða fella út slíkan texta. Kvað vitnið lögreglu hafa kannað þetta atriði en ekki hafi verið unnt að útvega skjámyndir eins og þær voru áður.

Aðspurt kvaðst vitnið telja að það liggi fyrir að Glitnir hafi ekki orðið fyrir tjóni af þessum atvikum. Vísað er til þess að ríkislögreglustjórinn miði í sínum gögnum við gengi Seðlabanka Íslands og kveðst vitnið telja það sakborningum til hagsbóta að miða við sem lægst gengi.

Vitnið C, viðskiptafræðingur og lögreglufulltrúi við embætti ríkislögreglustjóra kvaðst fyrst hafa komið að málinu eftir að búið var að taka ákvörðun um að hefja rannsókn þess. Vitnið hafi þá verið sent ásamt fleiri starfsmönnum til Akureyrar til að ræða við þá sem samkvæmt kærinni höfðu stundað hin meintu ólögsmætu viðskipti. Vitnið kvaðst svo hafa tekið við umsjón rannsóknarinnar þegar á leið.

Vitnið kvaðst hafa tekið þátt í yfirheyrslum á Akureyri og hafi sakborningar verið yfirheyrðir tvisvar, fyrst að kvöldi þess dags sem 30. ágúst 2006 og svo aftur næsta dag. Vitnið kvaðst svo hafa farið aftur til Reykjavíkur og unnið þar rannsóknarvinnu en komið svo aftur til Akureyrar síðar ásamt B og þá yfirheyrð nánar alla þá sem kærðir voru.

Vitnið kvaðst hafa fengið í hendurnar gögn frá Glitni banka og úr þeim hafi hún unnið eigin gögn og yfirlit sem hún hafi borið undir sakaborningana í málinu og hafi þeir ekki gert neinar athugasemdir við vinnu hennar. Við vinnsluna kvaðst vitnið ekki hafa breytt neinu heldur hafi vinnslan einkum falist í að setja gögnin upp á skýrari hátt, bæði í þágu rannsækenda og sakborninga. Vitnið kvaðst við rannsóknina hafa óskað eftir nánari skýringum og gögnum frá bankanum og þá hafi A komið til hennar og skýrt málið nánar og um þann fund hafi vitnið svo ritað svokallaða eigin skýrslu. Þá kvað vitnið ekki hafa verið ágreining um atvik málsins eða um kerfisvilluna sjálfa.

Vitnið kvaðst ekki vita nákvæmlega um atvik sem varða haldlagningu fjár í málinu en kvað sakborninga hafa lýst því við fyrstu yfirheyrslur að þeir vildu skila fénu og peningarnir hafi allir enn þá verið til staðar.

Vitnið A kerfis- og hagfræðingur kom fyrir dóminn. Kvaðst hann hafa starfað við gjaldeyrismiðlun hjá Glitni banka og forverum hans í um 10 ár. Auk gjaldeyrismiðlunar kvaðst hann koma þar að tölvumálum tengdum gjaldeyrisviðskiptunum. Ef upphæð gjaldeyrisviðskipta í netbanka nemi meira en sem jafngildi tveggja milljóna íslenskra króna sé ekki notað almennt gengi heldur gefi starfsmenn þá upp sérstakt gengi í hverju tilviki. Stafti það bæði af því að starfsmenn vilji fylgjast með stórum færslum sem geti haft áhrif á gjaldeyrisstöðu bankans auk þess sem gengi í stórum viðskiptum sé yfirleitt eilítið hagstæðara fyrir viðskiptavininn. Aðspurt um þá villu sem hér er til umfjöllunar kvað vitnið hafa komið upp villu í forriti þannig að kaup- og sölugengi hafi víxlast. Þetta hafi

aðeins verið í ákveðnum tilvikum; aðeins þegar upphæð var undir tveimur milljónum og aðeins ef verslað var með gjaldeyriskross, ekki í viðskiptum með íslenskar krónur. Þá hafi kaupandi, við val á upphæð, þurft að slá inn svokallaða mótmynt. Í framangreindu tilviki hafi verið verslað með evrur fyrir dollara og aðeins hafi komið fram villa ef upphæð var valin í dollurum en ekki ef evrur voru valdar þar sem evra sé alltaf grunnmynt í viðskiptum milli evru og dollars á gjaldeyrismörkuðum.

Vitnið kvað bankann, í venjulegum viðskiptum, kaupa á lægra gengi en hann selur á. Einhverra hluta vegna hafi þetta snúist við í forriti bankans. Bankinn hafi verið að kaupa gjaldeyri en verðlagt hann eins og hann væri að selja. Ef mynt var keypt og svo seld aftur hafi myndast munur sem sat eftir hjá viðskiptamanninum. Viðskiptavinurinn hafi keypt á lægra verði en hann seldi á. Á venjulegum degi myndu menn tapa lítillga á því að kaupa og selja strax aftur. Slíkur hagnaður myndist ekki nema fyrir mistök. Menn hagnist ekki af venjulegum gjaldeyrisviðskiptum nema taka einhverja hættu. Undir eðlilegum kringumstæðum tapi menn á því að kaupa og selja á sama augnabliki. Hins vegar geti menn hugsanlega hagnast á gjaldeyrisviðskiptum með því að kaupa, bíða í nokkra daga og selja þá eftir gengisbreytingar.

Aðspurt um hvornig starfsmenn bankans hafi orðið varir við að eitthvað væri öðruvísi en það átti að vera kveður vitnið þá sem starfa við gjaldeyrismiðlun í bankanum hafa séð að viðskiptavinur keypti og seldi strax aftur nokkrum sinnum. Þar hafi verið um að ræða viðskipti sem námu meira en tveimur milljónum króna og því hafi þau komið til kasta þeirra. Vitnið hafi skoðað viðskiptin og séð að viðkomandi tapaði smá í hvert skipti þar sem hann keypti á hærra verði en hann seldi á en gerði þetta þó ítrekað. Vitnið hafi ákveðið að skoða þetta betur og kannað gjaldeyrisreikninga viðkomandi. Þar hafi strax mátt sjá ótrúlegan fjölda færslna sem bentu til þess að eitthvað væri að. Vitnið hafi skoðað þetta nánar ásamt tölvufólki og lögfræðingum og smám saman hafi þau áttað sig á því hvað var að gerast. Í kjölfar þess hafi verið skoðað hvort fleiri hafi stundað samskonar viðskipti og komið í ljós að þrír aðrir viðskiptamenn hefðu gert það.

Vitnið kvað að unnt hafi verið að eiga viðskipti með svokallaða gjaldeyriskrossa, þ.e. á milli tveggja erlendra mynta án þess að íslenska krónan komi við sögu, í gjaldeyrisviðskiptakerfinu frá 12. desember 2005 og að allan þann tíma hafi villan verið í kerfinu. Slík kerfi séu prófuð en ekki sé hægt að útiloka villur með öllu. Almennt eigi viðskiptamenn þó að geta treyst því að slík kerfi virki rétt. Vitnið kveðst minna að á þeim tíma sem villan var inni hafi verið nokkrar færslur af þessu tagi af öðrum en þessu fjórum einstaklingum og tap bankans af því hafi alls numið um hundrað þúsund krónum. Þar hafi ekki verið um að ræða ítrekaðar færslur sömu aðila heldur eðlileg viðskipti.

Aðspurt um hvort þeir einstaklingarnir sem um ræðir hafi hlotið að gera sér grein fyrir að þetta væri ekki í lagi kveðst vitnið telja það svo, í ljósi þess fjölda færslna sem um ræðir. Menn myndu ekki endanlega taka eftir því af einni færslu en eftir tvær færslur, eina í hvora átt, væri komin hærra upphæð á reikninginn en byrjað var með og það væri augljóst þeim sem sæti við og framkvæmdi slíkar millifærslur.

III.

Ákærði viðurkennir að hafa, með 3.908 færslum í gjaldeyrisviðskiptakerfi í netbanka Glitnis banka hf., á tímabilinu frá 23. til 29. ágúst 2006, keypt dollara fyrir evrur og selt þá svo strax aftur fyrir evrur og hafa með því aflað sér kr. 24.290.251,87 eins og lýst er í ákæru.

Er ákærða gefið að sök að hafa með háttsemi sinni brotið gegn 249. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Segir þar að ef maður sem fengið hefur aðstöðu til þess að gera eitthvað sem annar maður verður bundinn við, eða hefur fjárreiður fyrir aðra á hendi, misnotar þessa aðstöðu sína, þá varði það fangelsi allt að 2 árum, en allt að 6 árum séu sakir mjög miklar.

Ákærði krefst sýknu á þeim forsendum að háttsemi hans brjóti ekki í bága við ofangreint ákvæði hegningarlaganna.

Byggir ákærði sýknukröfu sína meðal annars á því að bankinn hafi, samkvæmt eigin skilmálum, rétt til að bakfæra einhliða þegar mistök verða. Bankinn hafi því ekki orðið bundinn af viðskiptunum og því skorti á að fullnægt sé skilyrðum 249. gr. hegningarlaganna að þessu leyti.

Viðskipti ákærða fóru þannig fram að hann valdi í heimabankanum að millifæra tiltekna upphæð af einum gjaldeyrisreikningi sínum á annan. Birtist þá yfirlit þar sem fram kom hvaða gengi byðist og var það þá ákærða að ákveða hvort hún gengi að þeim kjörum. Ef hann valdi að greiða var millifærslan framkvæmd á því gengi sem boðið var. Verður að líta svo á að bankinn hafi gert honum tilboð sem hann samþykkti. Þegar hann samþykkti voru viðskiptin frágengin. Ákærði fékk umrædda fjármuni í sínar vörslur og gat þar með ráðstafað þeim að vild. Verður því að líta svo á að með samþykki ákærða hafi komist á samningur milli aðila sem er bindandi í samræmi við reglur um skuldbindingargildi samninga. Verður ekki fallist á að ákvæði í skilmálum Glitnis um rétt til að bakfæra þegar mistök verða haggi þeirri staðreynd. Slíkt ákvæði á vitanlega einkum við þegar mistök uppgötvast sem hvorugum aðilanum hefur verið kunnugt um áður en það getur ekki haft þau áhrif að háttsemi teljist refsilaus sem ella væri refsiverð. Verður því miða fullframningu brotsins við samþykki tilboðs og hafna þeirri málsástæðu ákærða að framangreindur áskilnaður bankans geti haft áhrif á það.

Ákærði byggir sýknukröfu sína einnig á því að hann hafi ekki haft ásetning til brotsins sbr. 18. gr. almennra hegningarlaga. Hann hafi stundað viðskiptin í netbanka sínum undir nafni þannig að engin leynd hafi hvílt yfir gerðum hans. Hann hafi aðeins framkvæmt viðskipti sem bankinn hafi boðið upp á og samþykkt tilboð bankans um tiltekin kjör. Honum hafi verið ókunnugt um að hagnaður hans stafaði af mistökum hjá bankanum og því hafi hann ekki haft ásetning til misnotkunar á þeim.

Í gögnum málsins má sjá að ákærði hefur að minnsta kosti frá því í janúar 2006 átt í nokkrum gjaldeyrisviðskiptum í netbanka sínum hjá Glitni. Er þar um að ræða kaup og sölu erlends gjaldeyris, aðallega dollara, fyrir íslenskar krónur. Samkvæmt gögnunum leið yfirleitt nokkur tími frá því að ákærði keypti dollara þar til hann seldi þá aftur og hagnaðist þá í sumum tilvikum á gengisbreytingum sem urði í millitíðinni. Í maí, júní, júlí og ágúst eru talsvert margar færslur á gjaldeyrisreikningum ákærða á milli erlendra myntar og íslenskrar.

Þann 22. ágúst 2006 seldi ákærði tvívegis dollara fyrir evrur, alls 40.000 dollara. Daginn eftir frá klukkan 09:32 til 12:01 millifærði ákærði 15 sinnum á milli evrureiknings síns og dollarareiknings. Af þessum 15 færslum eru 10 þar sem viðskiptaupphæðin er slegin inn í dollurum en í 5 færslum er upphæðin slegin inn í evrum. Séu þessar 15 færslur skoðaðar í heild er unnt að draga af þeim þá ályktun að unnt sé að hagnast á því að færa fé á milli evru og dollarareikninga sé þess gætt að slá alltaf inn upphæðina í dollurum. Með því að færa peninga af evrureikningi inn á dollarareikningi og svo aftur á evrureikning myndaðist hagnaður á evrureikningi ákærða ef hann valdi þá upphæð sem færa skyldi í dollurum. Ef ákærði framkvæmdi sams konar færslur en valdi upphæð í evrum var gengið annað og hagnaður myndaðist ekki á reikningi ákærða.

Fram er komið að bankinn gaf upp mismunandi gengi við kaup á dollurum fyrir evrur, eftir því hvort upphæðin var tiltekin í evrum eða dollurum, sem ótvírætt benti til þess að ekki væri allt með felldu.

Klukkan 12:25 hóf ákærði svo ítrekaðar mjög kerfisbundnar færslur fram og til baka á milli dollara- og evrureikninga sinna þar sem hann valdi fjárhæðina alltaf í dollurum, yfirleitt í kringum 27.000 dollara í hverri færslu. Þannig keypti ákærði dollara og seldi nánast stöðugt til klukkan 15:59 þennan dag og í hvert skipti greiddi hann minna fyrir dollarana en hann fékk fyrir þá þegar hann seldur þá strax aftur.

Þann 24. ágúst klukkan 09:15 hóf ákærði aftur sams konar færslur og millifærði nær stöðugt þann dag til klukkan 15:54 með sama hætti og daginn áður. Þó má sjá þrjár færslur yfir daginn þar sem tæpar 2 milljónir íslenskar krónur voru færðar af gjaldeyrisreikningum ákærða á tékkareikninga hans.

Samkvæmt framlögðu yfirliti eru færslur ákærða með svipuðum hætti dagana 25. til 29. ágúst.

Ákærði kvað sér hafa dottið í hug ýmsar skýringar á því hvaðan peningarnir kæmu en helst hafa talið að ágóðinn stafaði af stöðu annars gjaldmiðilsins gagnvart hinum. Hann kvaðst hafa verið mjög undrandi á þessu og kannað málið og séð að þessi möguleiki hafði verið fyrir hendi síðan í október 2005. Hann hafi því talið líklegt að fleiri hefðu átt í slíkum viðskiptum. Ákærði bar þó að sér hafi þótt þetta óeðlilegt og hann hafi misst svefn vegna þessa. Hann hafi velt þessu fyrir sér fram og til baka. Þá bar ákærði að honum hefði dottið í hug að kanna þetta hjá bankanum en ekki gert það þar sem hann hafi verið í fullri vinnu við að færa á milli reikninganna. Ákærði kvaðst hafa spurt Þorstein Hjaltason lögmann hvort hann væri nokkuð að gera af sér og að hann og sambýliskona hans hafi einnig rætt um hvort þetta gæti staðist. Ákærði hafði hins vegar ekki samband við bankann, hvorki

til að spyrjast fyrir um útskýringar né til þess að falast eftir umfangsmeiri viðskiptum í senn, en slíkt hefði óneitanlega verið mun eðlilegra heldur en að sitja dögum saman framan við tölvu og færa smáar upphæðir fram og til baka milli reikninga sinna ef ákærði taldi um eðlileg viðskipti að ræða.

Samkvæmt gögnum málsins færði ákærði 18 milljónir af ágóðanum inn á vörslureikning sinn í Landsbanka Íslands þann 28. ágúst 2006 og notaði til kaupa á peningabréfum bankans.

Eins og lýst er að ofan fékk ákærði, í hvert skipti sem hann færði milli evru- og dollarareikninga sinna fleiri evrur fyrir dollara en hann hafði greitt fyrir þá örskömmu áður og safnaðist þá ágóði á evrureikningi hans. Hagnaðist hann því þannig á því einu að millifæra peninga viðstöðulaust fram og til baka milli reikninga sinna. Samkvæmt framburði ákærða sjálfs hafði hann verulegar efasemdir um að háttsemi hans væri í lagi. Hann hugleiddi að hafa samband við starfsmenn bankans en lét það vísvitandi undir höfuð leggjast. Þó svo að ákærði hafi ef til vill ekki gert sér grein fyrir að háttsemi hans varðaði refsingu þykir við heildstætt mat á framangreindu sannað að það hafi ekki getað dulist honum að ágóði hans væri kominn til vegna mistaka bankans enda verður ráðið af framburði hans að honum hafi ekki þótt þetta eðlilegt. Við heildstætt mat á framangreindu þykir sannað að ákærði hafi af ásetningi nýtt sér villu eða mistök í kerfi netbanka Glitnis h.f. í hagnaðarskyni svo sem rakið er í ákæru.

Með vísan til alls þess er að framan er rakið þykir brot ákærða sannað eins og því er í ákæru lýst og varðar það við 249. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 svo sem í ákæru greinir.

IV.

Samkvæmt vottorði sakaskrár ríkisins hefur ákærði ekki áður verið dæmdur til refsingar. Við ákvörðun refsingar nú verður litið til þess að um verulegar fjárhæðir er að ræða. Hins vegar verður einnig litið til þess að ákærði hefur skýlaust játað þá háttsemi sem honum er gefin að sök og samþykkt að skila öllum ágóða sínum til Glitnis banka hf. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 9 mánuði en rétt þykir að fresta fullnustu refsingarinnar og skal hún falla niður að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Enginn sakarkostnaður hlaust af rannsókn og rekstri málsins annar en málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Sigmundar Guðmundssonar hdl., sem þykja hæfilega ákveðin kr. 300.000- og er virðisaukaskattur þar innifalinn. Ber að dæma ákærða til greiðslu þeirrar fjárhæðar í sakarkostnað. Við ákvörðun málskostnaðar var tekið tillit til þess að mál vegna sömu atvika og gegn sama aðila hafði áður verið rekið og flutt fyrir dómnum en var vísað frá dómi með úrskurði þann 19. júlí 2007.

Dómsuppsaga hefur dregist lítilliga vegna anna dómans.

Dóminn kveður upp Ásgeir Pétur Ásgeirsson dómstjóri

D Ó M S O R Ð :

Ákærði X sæti fangelsi í 9 mánuði en fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún falla niður að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dómsins haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigmundar Guðmundssonar hdl., kr. 300.000- og er virðisaukaskattur þar innifalinn.